

Vegagerðin, Norðursvæði
Svæðismiðstöð
Miðhúsavegi 1,
600 Akureyri,

Akureyri, 16. júní 2022
UST202203-081/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á TBH geymi og þrýstipróf á afgreiðslulögn - Vegagerðin, Sauðárkrók

Umhverfisstofnun barst þann 12. maí sl. þykktarmælingar á TBH geymi og þrýstipróf afgreiðslulagnar bikbirgðastöðvar Vegagerðarinnar á Sauðárkrók.

Geymirinn er 700m³, einangraður, liggjandi geymir, byggður árið 2006 og er staðsettur við hlið bikgeymis á lóð rekstraraðila á hafnarsvæði Sauðárkrókshafnar. Inniheldur hann TBH viðloðunarefni til íblöndunar asfalts.

Þykktarmælingar framkvæmdi Vélaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga þann 4. maí sl. Gerð voru göt á einangrunina og þykktarpunktar mældir. Lægsta gildi mældist 4,6mm af 6mm efnisþykkt. Geymirinn var sjónskoðaður á endum og var útlit og ástand geymisins gott.

Þrýstipróf var framkvæmt á afgreiðslulögn félagsins, sem liggur frá hafnargarðinum að asfalt geymi inni á lóð rekstraraðila. Um er að ræða 6“ stállögn með foreinangrun og 12“ plasthlífðarröri sem inniheldur einnig tvær ¾“ lagnir, soðnar á 6“ stál til upphitunar. Í þessum lögnum rennur um 170°C heitt asfalt við afgreiðslu frá skipi í geymi. Ekki var að sjá olíu með lögn í inntaksbrunni og telst upphitunar kerfi þétt. Settur var prófunarþrýstingur á lögnina, 7,4 bör og stóð hann á lögninni í tæpan sólarhring, eða frá kl. 16:20, þann 3. maí sl. til 14:35 daginn eftir. Var lækkunin óveruleg. Ekki var hægt að greina polla eða pittatæringu við sjónskoðun og telst lögnin því þétt og stóðst þrýstipróf.

Meðfylgjandi er skýrsla Vélaverkstæðis Kaupfélags Skagfirðinga um þykktarmælingar geymisins og þrýstiprófun afgreiðslulagnar.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á TBH geyminum og bendir á að botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Umhverfisstofnun samþykkir einnig áframhaldandi notkun á afgreiðslulögninni og bendir á að þrýstiprófa skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri